

FINNUM LAUSNIRNAR OG NÝTUM TÆKIFÆRIN

Félag atvinnurekenda er kraftmikið félag. Það á að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna. En það er ekki sama hvernig það er gert. Við viljum vera fagleg og vinna á forsendum viðskiptafrelsis og heilbrigðrar samkeppni – ekki á forsendum sérhagsmuna. Það má segja að árið 2011 hafi sýnt okkur í raun hversu mikilvægt þetta er.

Árið 2011 var árið sem flest fyrirtæki og heimili sem voru yfirskuldsett fengu leiðréttingu á skuldum sínum. Þrátt fyrir það eru efnahagsreikningar margra fyrirtækja mjög skuldsettir og lítið má út af bregða til að illa fari. Aukin skattlagning og óraunhæfar launahækkanir geta kippt fótunum undan þessum fyrirtækjum ef ekkert annað gerist. Þess vegna verður mikilvægi þess að nýjar framkvæmdir komist á skrið enn augljósara því þar með styrkjast grunnstoðir efnahagslífsins. Ekki er nægjanlegt að horfa eingöngu á ný sprotafyrirtæki, þau fyrirtæki sem eru fyrir á markaðinum eru í kröppum dansi og mikilvægt að þeirra reynsla og sérhæfing hverfi ekki af markaði. Þar geta margir sprotar hugmynda og atvinnutækifæra dafnað líka. Hagsmunafélag, eins og FA, hefur fest sig í sessi sem baráttuaðili þessara fyrirtækja og þess vegna er það sérstaklega ánægjulegt að nýir félagsmenn kjósi að ganga til liðs við okkur og séu sáttnir við þann stuðning sem FA er að veita þeim.

Kjarasamningarnir á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru sl. vor eru dæmi um þegar pólitík og sérhagsmunir móta afstöðu atvinnurekenda eða launþega til kjarasamninga. Það skilar yfirleitt ekki þeim árangri sem heildin ætti að krefjast. Ofuráhersla Samtaka atvinnulífsins á mikilvægt mál – endurskoðun fiskveiðistjórnunar – hafði þannig þau áhrif á endanlega samninga að atvinnurekendur sátu uppi með meiri launahækkanir en efni stóðu til. Engin framleiðni- aukning hafði átt sér stað í þjóðfélaginu sem réttlætti þessar miklu launahækkanir og fyrirsjáanlegar afleiðingar hækknunar verðlags og aukinnar verðbólgu eru staðreynd. Auðvitað er það skiljanlegt að launþegar, sem að mínu mati hafa sýnt mikið æðruleysi í kjölfar minnkandi kaupmáttar og hækkanði húsnæðislána, vilji rétta hlut sinn. En þeir eru ekki betur settir með launahækkun sem hleypur beint út í verðlagið og hækkar auk þess húsnæðislánin.

Þó Félag atvinnurekenda sé ekki aðili að Samtökum atvinnulífsins var okkur ljóst að ekki var mögulegt að semja við verkalýðsfélög á öðrum nótum en þegar hafði verið samið um á almennum vinnumarkaði.

Það er áhugavert að skoða til samanburðar sama málaflokk í öðru landi. Nú er komið að samningum á dönskum vinnumarkaði hjá nokkrum fjölda launafólks. Danskir atvinnurekendur eru raunsærir, horfa sífellt á „konkurrenceevnen“ – samkeppnishæfnina – sem hefur verið að versna undanfarin ár. Kostnaður fyrirtækja er orðinn of hár og Danir horfa fram á mjög lítinn hagvöxt í ár.

Talsmenn launþega eru ekki síður raunsærir og ábyrgir, en atvinnurekendur. Það kom skýrt fram í viðtali við talsmann samtaka launþega sem semja við Dansk Industri í danska sjónvarpinu í sl. viku. Hann var ekkert að bíta í skjaldarrendur, sagði einfaldlega að ekki yrði hægt að „vernda raunlaunin“ og áherslan yrði á önnur mál.



Margrét Guðmundsdóttir

stjórnarformaður
Félags atvinnurekenda

Íslendingar eru nú að upplifa atvinnuleysi af þeirri stærðar-gráðu sem við höfum ekki reynt áður. Við erum með ákveðna hópa sem eru í fyrsta sinn að takast á við atvinnuleysi. Hér er ég að tala um ungt fólk með háskólamenntun sem hefur staðið sig vel í námi, tekið þátt í stúdentastarfi, stundað íþróttir, haft sumarvinnu og er algjörlega tilbúið til að fá að reyna kraftana. Lítið virðist um aðgerðir til að koma þessu fólki í vinnu og hér er ákveðin hætt á „spekileka“ ef ekkert verður að gert. Nefna má að Spánverjar eru að upplifa þetta í miklu magni þessa dagana enda 50% ungs fólks á Spáni atvinnulaust. Í mínu fyrirtæki er það algengt að fá um 120 umsóknir um störf sem ætluð eru ungu fólki með Bsc. gráðu. Alla vega helmingur þessara aðila er mjög hæfur til starfsins. Hér þurfa stjórnvöld og atvinnulífið að taka höndum saman og gefa þessu unga fólki tækifæri. Félag atvinnurekenda hyggst vinna að þessum málum á árinu og væntir góðs samstarfs við stjórnvöld og önnur hagsmunasamtök.

Alþingi hefur ekki borið gæfu til að auka virðingu sína á liðnu ári. Við sem störfum við stjórn fyrirtækja leggjum áherslu á að setja okkur gildi sem eru okkur leiðarljós í daglegu starfi. Markmiðið er að veita góða þjónustu, reka fyrirtækið með hagnaði, að vinnustaðurinn skapi örvandi umhverfi fyrir starfsfólkið sem fær tækifæri á að nýta þekkingu sína og bæta við hana. Að árangur heildarinnar verði betri þegar við stöndum saman en ef við störfum hvert í sínu horni. Við erum ekki endilega alltaf sammála en við berum ábyrgð á að finna lausnir sem taka tillit til ólíkra sjónarmiða. Slík nútímastjórnun virðist ekki hafa náð inn á Alþingi. Engin gleði virðist vera tengd starfinu, óeining og virðingarleysi er það sem skilar sér út í samfélagið. Það er ekki gott. Við viljum ríkisstjórn og alþingismenn sem við getum borið virðingu fyrir og sem bera virðingu fyrir sjálfum sér. Við viljum stjórnsýslu sem leiðbeinir okkur og greiðir götu okkar við að starfa innan ramma laganna og við viljum löggjöf sem er yfir sérhagsmuni hafin.

Mikilvægt er að Alþingi stuðli að því að stærri verkefni fari í gang. Af mörgu er að taka en benda má sérstaklega á nýjan Landspítala Háskólasjúkrahús. Núverandi húsakostur LSH er farinn að há starfseminni, og þar með að bitna á sjúklingum. Þetta veldur kostnaðarauka fyrir samfélagið. Æskilegt er að ráðamenn þjóðarinnar sjái samtímis sóma sinn í því að taka LSH úr því hlutverki að vera háð góðgerðarsamtökum varðandi fjárframlög til tækjakaupa spítalans. Er það sennilega óheyrnt í vestrænu þjóðfélagi að ríkisstofnanir séu stærstu þiggjendur framlaga frá góðgerðastofnunum.

Það hefur sennilega aldrei verið mikilvægara en á Íslandi í dag að horfa fram á veginn. Tækifærin eru svo sannarlega til staðar. Hugarfar okkar mun skera úr um hvort við náum að nýta þau. Við verðum að hafa hugfast að árangur heildarinnar verður betri þegar við stöndum saman en ef við störfum hvert í sínu horni.

ÖFLUG LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

Á undanförunum árum hefur lögfræðiþjónusta FA orðið einn af hornsteinum í rekstri félagsins. Félag atvinnurekenda veitir félagsmönnum sínum lögfræðilega ráðgjöf og stuðning í viðskiptum þeirra og þar eru viðskipti við hið opinbera ekki undanskilin. Þjónusta Félags atvinnurekenda á þessu sviði felst m.a. í ráðgjöf, námskeiðahaldi sem og að reka mál félagsmanna fyrir einstaka félagsmenn eða hópa. Lögfræðiþjónusta FA tekur því að sér margvísleg verkefni á sviði verslunar og viðskipta og hefur reynt að bæta stöðugt við þá þjónustu sem félagið veitir á því sviði. Í könnunum meðal félagsmanna hefur komið í ljós að almenn ánægja er meðal félagsmanna með umrædda þjónustu. Þannig var met aðsókn í lögfræðiþjónustu félagsins fjórða árið í röð og ekkert lát þar á.


Á undanförunum árum hefur borið á því í síauknum mæli að félagsmenn óski eftir því að lögmaður FA sinni hagsmunagæslu utan þess ramma sem hann hefur hefðbundið gert þ.e. fyrir dómstólum. Til að koma til móts við þessar óskir félagsmanna hefur slíkri hagsmunagæslu nú verið komið á laggirnar. Á árinu rak lögmaður FA nokkur dómsmál fyrir félagsmenn í FA. Í þeim málum var m.a. tekist á um lögmæti stjórnvaldsákvæðna, réttmæti tollflokunar, vinnuréttarleg álitamál o.fl.

Á árinu rak lögmaður FA einnig mörg mál á stjórn-sýslusviði t.d. fyrir kærunefnd útboðsmála. Þar náði lögmaður félagsins ágætis árangri m.a. stöðvunum á nokkrum útboðum, ógildingum og viðurkenningar-kröfum f.h. félagsmanna. Þá rak lögmaður félagsins einnig mál nokkurra félagsmanna fyrir Ríkistollanefnd, Neytendastofu, Einkaleyfastofu, Samkeppniseftirlitinu, umboðsmanni Alþingis og nokkrum ráðuneytum.

Það er hins vegar engin ástæða til að láta þar við sitja. Lögfræðiþjónusta FA hefur nýst félagsmönnum vel og því mun FA kappkosta við að auka það framboð sem þar er að finna og bæta þá þjónustu sem félagsmenn hafa aðgang að. Á komandi ári er því stefnt að því að gera enn betur en áður. Það er afstaða félagsins að það þurfi að ná fram verulegum réttarbótum tilhanda félagsmönnum á fjölmörgum sviðum. Þá er það stefna félagsins að vinna á árinu náið með stjórnvöldum við að bæta löggjöf og framkvæmd á sviði verslunar og viðskipta. Í mörgum tilfellum dugar gott samstarf og samvinna við stjórnvöld hins vegar ekki til. Þá er gott að hafa þann möguleika að leita réttar félagsmanna fyrir dómstólum. Á árinu 2012 má búast við því að lögfræðiþjónusta FA verði áberandi á þeim vettvangi.

Lögfræðiþjónusta FA hvetur félagsmenn að leita til sín með öll þau álitamál sem þeir komast í tæri við í rekstri sínum, jafnt stór mál sem smá. Við erum ykkur ávallt innan handar.

Lögfræðiþjónusta FA er mikilvægur hluti þjónustuframboðsins



Í könnun meðal félagsmanna FA sem gerð var í janúar kemur fram gríðarleg ánægja með lögfræðiþjónustu félagsins

ALMENN MÁL Á STJÓRNSÝSLUSTIGI	Málarekstur fyrir félagsmenn á stjórn-sýslustigi s.s. útboðsmál, tollamál, kærumál fyrir heilbrigðiseftirliti, mál fyrir kærunefnd neytenda- og lausafjárkaupa, o.s.frv
RÁÐGJÖF OG AÐSTOÐ Á SVIÐI VINNURÉTTAR	- Aðstoð við gerð ráðningarsamninga og uppsagnir starfsmanna - Liðsinni í deilum við starfsmenn og stéttarfélög
GERÐ SAMNINGA	- Gerð almennra viðskiptasamninga - Yfirlestur samninga og tæknileg ráðgjöf t.d. hvað varðar samninga yfir landamæri
ALMENN RÁÐGJÖF Á SVIÐI VIÐSKIPTA	Svör við fyrirspurnum um lögfræðileg álitæfni sem geta orðið tilefni til lögfræðilegs álits sem ýmist er unnið af lögfræðingum FA eða öðrum
REKSTUR MÁLA FYRIR DÓMI	Málsvári fyrir félagsmenn í dómsmálum sem snerta starfssvið þeirra
RÁÐGJÖF VIÐ ÚTHÝSINGU LÖGFRÆÐIVERKEFNA	Aðstoð við að finna sérfræðinga á ákveðnu sviði, semja um kostnað og eftirfylgni með verkefninu

APPLE STEFNIR RÍKINU

Á liðnu starfsári víkkaði FA út lögfræðipjónustu sína til félagsmanna. Fólst sú breyting í því að lögmaður FA tekur nú að sér að vera málssvari félagsmanna fyrir dómi. Eitt af þeim dómsmálum sem FA stóð að baki á liðnu starfsári var mál Apple (Skakkaturnsins ehf.) gegn íslenska ríkinu.

Í málinu var tekist á um tollflokkan á iPod touch lófatölvunni. Varan sem um ræðir er gædd öllum þeim eiginleikum sem almennt þrifa lófatölvur. Mögulegt er að vafrar um netið, móttaka og senda tölvupóst, spila kvikmyndir og tónlist, nota tölvusíma (Skype) og svo framvegis. Þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur það lengi verið afstaða íslenskra tollayfirvalda að flokka eigi vöruna sem upptöku- og afspilunartæki sem ber háan toll. Var það markmið umræddrar málssóknar að koma í veg fyrir að varan bæri þann háa toll sem hún gerði með því m.a. að fá ógiltan úrskurð ríkistollanefndar þar um.

Sá árangur hefur nú náðst að varan ber ekki lengur háan tolla líkt og áður var en sá árangur náðist með laga-

KJARASAMNINGAR

– Klúður að semja ekki fyrr

Stjórn Félags atvinnurekenda gerði athugasemdir að loknum kjarasamningum í fyrra og sendi frá sér eftirfarandi fréttatilkynningu.

Stjórn Félags atvinnurekenda telur að Samtök atvinnulífsins hafi klúðrað góðu tækifæri til að ná ásættanlegum kjarasamningi þann 15. apríl síðastliðinn. Þá lá fyrir samningur sem hefði falið í sér töluvert miklar, en þó réttlætanagerleg launahækkningar af hálfu atvinnurekenda. Sá samningur virtist ekki síður hugnast launþegahreyfingunni og fór nær því að tryggja hér stöðugt verðlag.

Tækifæri til að ljúka við þennan samning gafst hins vegar aldrei, vegna ofuráherslu Samtaka atvinnulífsins á óskyld málefni. Fyrir vikið standa fyrirtækin nú frammi fyrir kjarasamningi sem flest þeirra ráða ekki við. Mikil hætta er á að störfum fækki og verðbólga éti upp ávinninginn. Meira að segja forsvarsmenn SA viðurkenna að boginn sé yfirspennntur.

Stjórn Félags atvinnurekenda telur að launahækkningar í kjarasamningunum séu of miklar, sérstaklega þegar lítið er til eingreiðslna og launahækkana á næstu 9 mánuðum. Ekki síst eru hækkarnir íþyngjandi fyrir rekstur sem eingöngu hefur tekjur innanlands. Afleiðingin gæti orðið uppsagnir hjá stórum hluta fyrirtækja, þvert á eiginlegt markmið langtímakjarasamninga.

Launþegar hafa tekið á sig mikla kjaraskerðingu og þannig borið hitann og þungann af hrúni efnahagslífsins. Óþreyjan eftir betri tíð er því fullkomlega skiljanleg.

breytingu undir lok síðasta árs. Þar hefur sá þrýstingur sem skapaðist af umræddu dómsmáli án efa skipt sköpum. Það er því ljóst að félagsmaður í FA, Skakki-turninn ehf., hefur náð því markmiði sínu að geta flutt inn til landsins góða vöru án þess að á hana séu lagðir háir tollar sem raski samkeppnisstöðu vörunnar. Eftir stendur hins vegar að endurheimta það fé sem fyrirtækið hefur ofgreitt í umræddan toll. Þar kemur FA félagsmanni sínum aftur til aðstoðar.

Á þessu ári mun FA aftur sækja á íslenska ríkið fyrir hönd Skakkaturnsins ehf. Í þetta sinn snýr málareksturinn að því að endurheimta þau gjöld sem fyrirtækið hefur ofgreitt á grundvelli hinnar ólögsmætu tollflokkanar. Þetta verður án efa áhugavert mál.

Apple stefnir ríkinu til fá tollum létt af iPod T

Tollayfirvöld flokka lófatölvu sem afspilunartæki og leggja 32,3 prósentu tolla og vörubóði atlar að stefna ríkinu til að fá því hækkt. Neytendur hín raumverulega fórnarhl

BOGGIÐ. Apple-stofnun hefur átt við að stefna íslenska ríkinu vegna tollflokkaunar á lófatölvu sem iPod Touch. Tölvugjafið hefur söguna sem tölvustærð og er ríkinu stefnt tollur vegna þess að hún er tölvu. Það er ástæða þess að hún er tölvu.

SPURNINGUR. Hvernig er hægt að tryggja réttlætið skilgreint það sem afspilunartæki?

ÓLLI KJÓRAN W. KRISTJÓNSON (Stjórnir af vörubóði)

Kjörana segir að hún sé ekki á hliðinni. Hún segir að hún sé ekki á hliðinni. Hún segir að hún sé ekki á hliðinni.

Vörubóði hefur á hliðinni. Hún segir að hún sé ekki á hliðinni. Hún segir að hún sé ekki á hliðinni.



Þær kjarabætur þurfa hins vegar að vera í takt við getu fyrirtækjanna.

Ekki bætir úr skák að ríkisvaldið skattþínir fyrirtæki og launþega sem aldrei fyrr. Félag atvinnurekenda bendir á að lækka mætti tryggingagjald meira en gert er ráð fyrir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að gera fyrirtækjunum kleift að mæta kjarasamningunum. Vilyrði ríkisstjórnarinnar hafa lítið sem ekkert að segja fyrir flest þau fyrirtæki sem hafa böðlast í gegnum algjört hrun í eftirspurn og eru að reyna að þróa gjörningaveður efnahagslífsins.

Félag atvinnurekenda er sjálfstæður samningsaðili gagnvart m.a. VR og Rafiðnaðarsambandi Íslands. Ljóst er að kröfur viðsemdjenda félagsins verða í megin-dráttum hinar sömu og samið hefur verið um á milli SA og ASÍ. Þeir sem á eftir koma hafa fyrir vikið lítið svigrúm. Félag atvinnurekenda var hins vegar tilbúið til samninga við viðsemdjendur á sambærilegum grunni og lá fyrir milli SA og ASÍ þann 15. apríl sl.

„Tækifæri til að ljúka við þennan samning gafst hins vegar aldrei, vegna ofuráherslu Samtaka atvinnulífsins á óskyld málefni. Fyrir vikið standa fyrirtækin nú frammi fyrir kjarasamningi sem flest þeirra ráða ekki við. Mikil hætta er á að störfum fækki og verðbólga éti upp ávinninginn. Meira að segja forsvarsmenn SA viðurkenna að boginn sé yfirspennntur.“

Bætt staða þýðir heilbrigðari samkeppni í einkageiranum og kostnaðarhagræði fyrir opinbera aðila

Opinberir aðilar – ríkið, sveitarfélög og stofnanir þeirra kaupa inn vörur og þjónustu fyrir umtalsverðar fjárhæðir á hverju ári. Skýr lagarammi gildir um þessi innkaup, þótt ekki sé hann gallalaus. Ríkiskaup gegna lykilhlutverki í innkaupum ríkisins. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir skattgreiðendur um að innkaup séu gerð á hagkvæmasta mögulega máta. Þá er það sérlega mikilvægt að innkaup séu framkvæmd þannig að jafnræðis sé gætt milli fyrirtækja og ferlið allt stuðli að aukinni samkeppni. Á þetta líka við um smærri innkaup. Félag atvinnurekenda hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á þennan málaflokk. Í þessari umfjöllun er vikið að lagaumgjörð og umfangi opinberra innkaupa. Fjallað er um ýmis álitamál og afgreiðslur Kærunefndar útboðsmála (KNÚ) á þeim. Þá er bent á að rafræn innkaup hins opinbera séu málefni sem þurfi að komast hratt á dagskrá.

Lagaumgjörðin í hnotskurn

Í lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 er að finna þær lagareglur sem gilda á Íslandi um innkaup opinberra aðila.

- Lögin taka til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og samtaka og annarra opinberra aðila.
- Lögin fela það í sér að þegar þessir aðilar framkvæma innkaup sem eru yfir ákveðnu verðgildi gilda um slík innkaup ákveðnar reglur laganna.
- Þegar um er að ræða innkaup ríkisins og stofnana þess miðast lágmark útboðsskyldu við 6,2 m.kr. vegna kaupa á vörum og 12,4 m.kr. vegna kaupa á þjónustu eða verkum.
- Þegar í hlut eiga sveitarfélög og stofnanir þeirra miðast lágmark útboðsskyldu við 25,8 m.kr. vegna kaupa á vörum og þjónustu og 649,2 m.kr. vegna verksamninga
- Verksamningar sem eru 649,2 m.kr. eða hærri framkalla útboðsskyldu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það er meginregla útboðsréttar að jafnræði skuli vera á milli áhugasamra bjóðenda og að gagnsæi skuli viðhafa við útboð. Þessar meginreglur leggja ríkar skyldur á opinbera aðila og veita borgurunum umtalsverðan rétt í samskiptum sínum við þá. Þá gera lögin margvíslegar faglegar kröfur til opinberra aðila m.a. hvað varðar undirbúning útboðs, gerð útboðsgagna og úrvinnslu tilboða.

Nokkuð skýr stefna ríkisins – en skortur á eftirfylgni

Ríkisvaldið hefur markað sér stefnu í opinberum innkaupum og má segja að staða mála sé öllu skýrari en í tilviki sveitarfélaga. Allur gangur er hins vegar á því hversu langt ríkið og stofnanir eru komin í að fylgja þeirri stefnu eftir, en það liggur fyrir að endurskoðun þessara mála er í gangi. Í nýlegri skýrslu fjármálaráðuneytisins um ríkisbúskapinn 2012-2015 segir:

„Mikilvægt er að ýrustu hagkvæmni sé gætt í opinberum innkaupum enda talið að þau nemi 150–170 milljörðum kr. á ári. Samskipti ríkis og markaðarins í innkaupamálum þurfa að vera einföld, gagnsæ og byggja á skýrri lagalegri umgjörð. Skýr stefna þarf að vera til staðar fyrir þá sem annast innkaupamál ríkisins og framkvæmd innkaupa skal byggð á sérhæfingu og þekkingu á ferlinu. Unnið er að endurskoðun á innkaupastefnu ríkisins sem myndar almenna umgjörð um innkaup ríkisins þar sem skilgreindar eru helstu forsendur og sjónarmið sem ríkið vill leggja til grundvallar innkaupum. Gert er ráð fyrir að á grundvelli hennar verði mótaðar áherslur, aðgerðir og tímasettir mælikvarðar í helstu málaflokkum innkaupa svo sem í vistvænum innkaupum, rafrænum innkaupum, um notkun rammisamninga og um gerð þjónustusamninga.“

DÆMI:

FLUGFERÐIR ÚTBOÐSSKYLDAR – En eðlilegt að leyfa vildarpunkta?

Í máli 7/2010 var tekist á um rammisamning. Sá samningur var um nær allar flugferðir hins opinbera til og frá Íslandi. Fjármálaráðuneytið gerði umræddan samning við Ícelandair án þess að fram færi útboð eða önnur öflun tilboða. Það var niðurstaða KNÚ að umrædd innkaup hafi verið útboðsskyld og þeirri útboðsskyldu hafi ekki verið sinnt. Síðar var umrædd þjónusta boðin út af Ríkiskaupum. Í því útboði var bjóðendum heimilað að veita farþegum skv. samningnum vildarpunkta. Þá var bjóðendum heimilað að bjóða einungis fastan afslátt af breytilegu verði þannig að bjóðendur gátu breytt verði sínu á gildistíma útboðsins.

Sveitarfélög með of lausan taum

Þessi viðmiðunarmörk hafa það í för með sér að sveitarfélög geta stundað umfangsmikil viðskipti án þess að taka tillit til ákvæða laga um opinber innkaup. Þá geta aðilar sem taka þátt í útboðum undir umræddum viðmiðunarmörkum ekki leitað réttar síns fyrir Kæruneftnd útboðsmála. Þetta er bagalegt staða, bæði með tilliti til samkeppnissjónarmiða, en ekki síður að lagaumgjörð skuli ekki ýta meira á sveitarfélög að nýta sér útboð í meira mæli til að ná fram hagkvæmni í innkaupum.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við innkaup lögreglu

Á árinu 2011 var nokkuð fjallað um innkaup lögreglu-embætta á ýmsum búnaði. Kom í ljós að ýmis þessara innkaupa voru gerð án þess að tilboða hafi verið leitað. Þá kom einnig í ljós að í ýmsum tilvikum var keypt af fyrirtækjum sem voru í eigu lögreglumanna eða náins venslafólks þeirra. Ríkisendurskoðun gagnrýndi þessa tilhögun í „Ábendingu“ sem birt var þann 27. september. Þar segir m.a. „Ríkisendurskoðun beinir því til löggæslustofnana að þeim ber að virða ákvæði laga um opinber innkaup. Nauðsynlegt er að þær taki verklag við útboð og verðfyrirspurnir til endurskoðunar.“ Það verður að fylgja með, þótt kaldhæðid sé, að taka verður undir með Ríkisendurskoðun að mikilvægt er að löggæslustofnanir fari sjálfar að landslögum.

OPINBER INNKAUP – HELSTU TÖLUR

Umfang opinberra innkaupa ríkisins	150-170 ma.kr.
Opinber innkaup, % af VLF (Í Evrópu)	19%
Hlutfall innkaupa í gegnum útboðsferli (Í Evrópu)	18%
Fjöldi úrskurða Kæruneftndar útboðsmála 2010 og 2011	62

– Þar af stöðvun á samningsgerð*	13 (21%)
– Þar af ógilding útboðs*	11 (18%)
– Þar af skaðabótaábyrgð opinberra aðila*	13 (21%)

* Einstakir úrskurðir geta verið tvítaldir, þ.e. í þeim getur t.d. falist bæði stöðvun og skaðabótaábyrgð




Ríkisendurskoðun gagnrýnir skort á árangursmati í innkaupum

Þá gerði Ríkisendurskoðun á árinu athugasemdir við framkvæmd og utunumhald rammisamninga, þar sem bent er á að utunumhald upplýsinga vegna samninganna tryggi ekki að hægt sé að meta árangur af þeim. Í dag er staðan sú að eingöngu liggur fyrir hvaða samningar eru í gildi en ekki hvaða innkaup hafa farið fram á grundvelli þeirra. Þetta setur augljóslega takmörk á gildi samninganna. Að mati Félags atvinnurekenda skortir mjög á allar tölfraðilegar upplýsingar um opinber innkaup á Íslandi. Slík tölfraði skapar umræðu og heilbriggt aðhald á framvindu mála.

Misbrestur í framkvæmd útboða of algengur

Kærunefnd útboðsmála hefur úrskurðarvald í útboðsmálum. Til hennar leita bjóðendur ef þeir telja á sér brotið í útboðsferli. Kærunefndin sjálf tekur saman upplýsingar um úrskurði sína og ákvarðanir. Meðfylgjandi myndir gefa yfirlit um stöðu mála árin 2010 og 2011. Eins og sjá má er um 62 úrskurði að ræða samanlagt á þessum tveimur árum, en nokkuð er um að mál geti flust milli ára. Athygli vekur hversu algengt er að úrskurður nefndarinnar feli í sér afgerandi inngrip í hefðbundið ferli, eins og stöðvun samningsgerðar, ógildingu eða úrskurð um skaðabótaábyrgð opinberra aðila. Í u.þ.b. 20% tilvika er um slík inngrip að ræða og það hlutfall hækkar ef málum sem vísað er frá eru tekin út úr útreikningunum. Þessar tölur gefa vísbendingu um að ýmislegt megi bæta í umgjörð opinberra útboða og að töluvert skorti á að framkvæmdin sé nægilega góð.

Mál fyrir Kærunefnd útboðsmála



Því miður er staðan sú að mjög lítil önnur tölfræði er til um stöðu opinberra innkaupa. Engar tölur liggja á lausu um fjölda útboða á hverju ári eða undirliggjandi magn þeirra. Verður þetta að teljast furðulegt, enda er málaflokkurinn gríðarlega mikilvægur. Samkvæmt fjármálaráðuneytinu fara u.þ.b. 150-170 ma.kr. í innkaup ríkisins á ári hverju. Þarna eru því gríðarlegir möguleikar til hagræðingar. Stóra spurningin er hvort 62 úrskurðir Kærunefndar á tveggja ára tímabili sé mikið eða lítið? Augljóst er að ef útboð á tveggja ára tímabili eru 620 væri kærulutfall 10%. Félag atvinnurekenda telur slíkt hlutfall of hátt og telur reyndar líklegt að hlutfallið sé hærra, enda er fjöldi útboða að líkindum töluvert minni.

DÆMI:

LEIÐRÉTTING TILBOÐA EFTIR OPNUN ÓLEYFILEG

– Reykjavíkurborg bótaskyld

Í máli 20/2011 var tekist á um ákvörðun Reykjavíkurborgar að velja tilboð Bifreiðar – og Landbúnaðarvélar – Ingvar Helgason ehf. í útboði um metanbifreiðar. Óskað var eftir tilboðum í 49 fólksbifreiðar með tvífeldsneytisvél sem ganga fyrir metani og bensíni. Gerðar voru ákveðnar breytingar á útboðsferlinu, m.a. þær að útboðinu var skipt í tvo hluta og af því tilefni var óskað eftir tveimur verðtilboðum. Tilboð Ingvars Helgasonar ehf. samanstóð hinsvegar aðeins af einu verðtilboði, þ.e. einni heildartölu. Reykjavíkurborg taldi hinsvegar að tilboðið væri fullnægjandi þar sem litið var svo á að í raun hafi verið boðið í báða hluta verksins, og tiltók svo skiptinguna í samræmi við þann skilning. KNÚ taldi að sú háttsemi að leiðrétta tilboðsfjárhæðir eftir að tilboð væru opnuð væri andstæð meginreglu opinberra innkaupa og raskaði þannig jafnræði bjóðenda. Ekki var talið unnt að stöðva samningsferlið við Ingvar Helgason ehf. en hinsvegar taldi KNÚ að Reykjavíkurborg væri bótaskyld gagnvart kæranda.

DÆMI:

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA EKKI OPINBER AÐILI

Í máli 28/2011 var tekist á um útboðsferli Félagsstofnunar stúdenta vegna byggingu stúdentagarða við Sæmundargötu í Reykjavík. Kærandi var ekki valinn og óskaði þá eftir rökstuðningi FS vegna ákvörðunarinnar en þar sem svarið barst honum svo seint þá taldi kærandi að FS hefði brotið gegn lögum um opinber innkaup. Aðal ágreiningurinn laut að því hvort umrædd stofnun teldist falla undir gildissvið laga um opinber innkaup. Lítið var til þess hvernig starfsemi FS er fjármögnuð og hver lagalegur grundvöllur hennar væri. Talið var að, þrátt fyrir að FS væri að nokkru leyti fjármagnað af skrásetningargjöldum nemenda Háskóla Íslands, teldist stofnunin ekki vera opinber aðili í skilningi laga um opinber innkaup og var því ekki háður þeim takmörkunum sem þau lög settu útboðsaðilum.

Nauðsynlegt að rafræn innkaup opinberra aðila taki við sér á Íslandi

Í nýlegri greiningarskýrslu frá Deutsche bank kemur fram að stór hluti opinberra innkaupa í Evrópu fari fram utan hefðbundina útboðsferla. Heildarupphæð opinberra innkaupa í Evrópu var um 2.000 milljarðar evra árið 2008. Af þeim fóru um 370 milljarðar, eða 18%, í gegnum hefðbundin innkaupferli. Aðalástæðan fyrir þessu er einfaldlega sú að mikið af innkaupum opinberra aðila eru fyrir neðan lágmarksfjárhæðir. Bent hefur verið á að rafræn innkaup í formi útboða geti gerbreytt þessari stöðu. Í umræddri skýrslu er bent á að rafræn innkaup geti náð fram þremur mikilvægum markmiðum. Í fyrsta lagi skapa þau rekstrarhagræði við framkvæmd innkaupa. Í öðru lagi skapa þau vettvang fyrir samkeppnistilboð og þar af leiðandi betra verð fyrir

hinn opinbera aðila. Í þriðja lagi hvetja þau til gagnsæis við framkvæmd innkaupa og notkunar á nútímalegum verkferlum. Allt er þetta í anda markmiða lagaramma um opinber innkaup.

Þessi umræða frá Evrópu á fyllilega við hér á Íslandi. Innkaup einstakra opinberra aðila eru yfirleitt fyrir lágar upphæðir, auk þess sem framkvæmd ramma-samninga gæti færst á skýrara rafrænt form. Rafræn framkvæmd gæti því hæglega náð fram hinum þremur mikilvægum markmiðum sem nefnd eru að ofan. Að auki má nefna sérstaklega að það vantraust sem ríkir á Íslandi gagnvart ýmsum opinberum embættisfærslum myndi minnka við marktæka breytingu í þessa átt.

DÆMI:

LSH HAFNAR 15 TILBOÐUM – Öll ógild! Skaðabótaskylda ríkis staðfest

Í máli 1/2011 var tekist á um höfnun Ríkiskaupa f.h. LSH á fjórum tilboðum kæranda. Alls bárust 15 tilboð í umrætt útboð en þeim var öllum hafnað af mismunandi ástæðum. Sú ástæða sem gefin var fyrir höfnun á tilboði kæranda var að ekki hefðu fylgt tilboðinu staðfesting á sölu á a.m.k. 5 skurðarborðum af þeirri tegund sem boðin var. Kærandi taldi sig hins vegar hafa uppfyllt þessa kröfu enda fylgdu tilboði hans ítarlegir listar yfir seld skurðarborð. KNÚ tók undir sjónarmið kæranda í málinu og taldi kæranda hafa sýnt fram á þau atriði sem óskað var eftir í útboðinu. Var það niðurstaða KNÚ að Ríkiskaup f.h. LSH væru skaðabótaskyld gagnvart LSH.

SKATTAMÁL Í BRENNIDEPLI

– Aukið flækjustig en skortur á stefnumótun

Félagið hefur undanfarin misseri beitt sér mjög í skattamálum, enda hafa miklar breytingar verið gerðar á skattkerfinu. Margar þessara breytinga virðast fremur skila auknu flækjustigi en raunverulegum tekjuauka fyrir ríkissjóð. Félagið hefur frá hruni haft skilning á því að hluti af aðlögun ríkissjóðs að nýjum aðstæðum þurfi að fara fram í gegnum hærri skatttekjur. En það réttlætir ekki aukið flækjustig á skattkerfinu.


Að neðan eru týnd til nokkur af þeim sjónarmiðum sem félagið hefur viðrað á opinberum vettvangi og í umsögn-um um lagafrumvörp tengd skattamálum að undanförunu.

- Í apríl 2010 skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem fékk það verkefni „að móta og setja fram heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu“. Hópurinn átti að skila af sér tillögum fyrir lok árs 2010. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu mun starfshópurinn vera enn að störfum, en það fer lítið fyrir þeirri vinnu út á við og gagnvart samráðsnefnd um málefnið. Félag atvinnurekenda telur mjög mikilvægt að árangur náist í framtíðarstefnumörkum í skattamálum. Að því verður að vinna af festu.
- Lækkun tryggingagjalds um áramót um 0,91% er fagnað. Breyting gjaldsins hefur áhrif á getu fyrirtækja til að skapa meiri atvinnu. Félag atvinnurekenda telur að taka þurfi hraðari skref í lækkun gjaldsins, enda nauðsynlegt að skapa meiri hvata hjá fyrirtækjum til að skapa störf.
- Félag atvinnurekenda gagnrýnir þá hefð sem virðist vera að skapast um að verðtryggja krónutölugjöld með almennum verðlagsforsendum. Óeðlilegt er að miða blint við almennan mælikvarða, eðlilegra er að miða við stöðuna á þeim markaði sem við á í hverju tilviki. Hækkanir á gjöldum hækka oft verðlag á vörum sem kemur beint fram í minni eftirspurn. Þetta sést skýrt varðandi eldsneyti og áfengi á undanförunum misserum svo dæmi séu tekin. Það er því vandséð að hækkun gjalda skili í raun jákvæðum tekjuáhrifum.
- Enginn grundvöllur er fyrir þeim hækkunum áfengisgjalda sem viðhafðar hafa verið undanfarin misseri


Opinberar sölutölur á áfengi frá ÁTVR sýna áfram veikburða þróun, eins og verið hefur síðustu misseri. Lítil söluvöxtur var á léttvíni í fyrra, 3,8% samdráttur var í sölu bjórs og 8,3% samdráttur í sölu sterkra vína. Á meðan aukast fréttir af smygli á áfengi og heimabrygg virðist breiðast hratt út (eins og kannanir FA hafa áður sýnt). Sala á sterku víni í ÁTVR var 243 þús. lítrar árið 2011. Árið 2008 seldust 376 þús. lítrar. Samdráttur í opinberri sölu er því 35% á þremur árum. Enginn getur haldið því fram að raunveruleg neysla hafi dregist svona mikið saman. Neysla sterkra vína hefur að líkindum minnkað eitthvað, en sennilegast hefur mikil tilfærsla orðið yfir í smyglað sterkt vín og heimabrygg. Þar eru tapaðar skatttekjur. Tollurinn áætlað að 26 þúsund lítrum af sterku víni sé smyglað á ári (11% af sölu ÁTVR), heimabrygg er eflaust hærri tala. Það eru engin rök fyrir því að hækka áfengisgjöld á meðan þetta er staðan. Ljóst er að ríkið verður árlega af hundruðum milljóna í skatttekjur vegna ólöglegs áfengis og kannabiseftna. Það er tímabært að endurskoða skattlagningu allrar neyslu á áfengi í landinu, ekki bara opinberrar neyslu.

- FA hefur mótmælt því að tímabundinn eignarskattur (sem nefndur hefur verið auðlegðarskattur) verði framlengdur. Í þessu máli endurspeglast veikleiki pólitíska kerfisins (óháð því hverjir sitja í stjórn) tímabundnir skattar reynast sjaldnast tímabundnir. Félagið vill ítreka fyrri afstöðu. Eignarskattur felur í sér tvísköttun, það er ekki eðlilegt að skattleggja bæði eign beint og tekjur af henni. FA bendir sérstaklega á að eigendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja hafa lent í erfiðleikum vegna skattsins. Eignarhlutur þeirra í atvinnufyrirtæki er nefnilega ekki laust fé og ekki sjálf gefið að annað laust fé sé til reiðu eða að skynsamlegt sé að veikja eigið fé með arðgreiðslu þegar í hlut eiga fyrirtæki sem glímt hafa við stórfellt eftirspurnar fall. Þá hefur verið bent á að skatturinn minnki hvata til fjárfestingar í nýsköpun og í atvinnurekstri almennt. Ekki verður séð að með því sé verið að senda rétt skilaboð út í hagkerfið.

Hversu skaðlegar eru auknar skattaálgögur fyrir eftirspurn á þeim markaði sem fyrirtæki þitt starfar á?



Hafa auknar skattaálgögur leitt til þess að fyrirtæki þitt hafi gripið til hagræðingaraðgerða?



Í könnun meðal félagsmanna FA sem gerð var í janúar kemur fram að 68% þátttakenda segja fyrirtæki sitt hafa þurft að grípa til hagræðingaraðgerða beinlínis vegna aukinna skattaálaga.

Skattastefna eða skammtímareddingar?

Skattamál

Almar Guðmundsson

framkvæmdastjóri
Félags atvinnurekenda



Nú stýttist í birtingu fjárlaga fyrir árið 2012. Tekjuhlíð fjárlaga hefur tekið mjög miklum breytingum á síðustu þremur árum. Vissulega lá ljóst fyrir eftir bankahrun að ná þyrfti tókum á ríkisfjármálum og að auka þyrfti tekjuöflun ríkissjóðs samfara því. Á því tel ég að ríki nokkuð góður skilningur meðal einstaklinga og fyrirtækja. En það er ekki sama hvernig það er framkvæmt. Og það er ekki sama hvaða framtíðarsýn (ef einhver) er sett fram samhliða slíkum aðgerðum. Framganga stjórnvalda undanfarin misseri í skattamálum og gjaldtöku er gagnrýniverð. Það skortir alla framtíðarsýn og aðgerðir virðast einna helst miðast við að bjarga tekjum næstu 12 mánaða – stundum með léttvægri röksemdafærslu og nær alltaf er meira flækjustig leiðin sem valin er.

Heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu?

Í apríl á síðasta ári skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem fékk það verkefni „að móta og setja fram heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu“. Hópurinn átti að skila af sér tillögum fyrir lok árs 2010. Um er að ræða mjög þarft verkefni sem flestir hagsmunaaðilar sýndu mikinn áhuga. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í september í fyrra, sem var fyrst og fremst útfærsla á hugmyndum sem komu til framkvæmda í fjárlögum fyrir árið í ár. Undirritaður situr í svokallaðri samráðsnefnd sem vinna á samhliða starfshópnum. Sú nefnd hefur ekki komið saman í eitt ár. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu mun starfshópurinn vera enn að störfum, en það fer lítið fyrir þeirri vinnu út á við og gagnvart samráðsnefndinni. Það er auðvitað með hreinum ólíkindum að þremur árum eftir að forsendur í efnahagslífi og hagstjórn gerðust skulu stjórnvöld enn ekki hafa markað sér framtíðarsýn í skattamálum. Skammtímareddingar munu því enn á ný vera lykilstefið á tekjuhlíð fjárlaga fyrir árið 2012.

Skattar og hagstjórnarmarkmið

Stjórn ríkisfjármála er annar af lykilþáttum í hagstjórn hvers lands, ásamt peningastefnu. Rekstur og afkoma hins opinbera hafa áhrif á hagkerfið og viðgang þess. En það er ekki það eina sem skiptir máli. Skattar – ásamt vöxtum – eru líklega sá verðmælikvarði í hagkerfinu sem hefur mest áhrif á hegðun fyrirtækja og einstaklinga og því eðlilegt að skoða áhrif þeirra. Þannig hefur gífurleg hækkun tryggingagjalds launa áhrif á atvinnusköpun. Spegilmynd hærri tekna ríkissjóðs, hærri launakostnaður fyrirtækja, dregur úr hvatanum til að ráða fólk í vinnu.

Hærra tryggingagjald skilar ríkinu vissulega miklum tekjum – en líka kostnaði í formi hærri atvinnuleysis en ella. Sömu sögu er að segja um hærri fjármagnstekjuskatt, breytingar á skattlagningu arðs og álagningu nýs eignarskatts (betur þekktur undir fegrunarheitinu „auðlegðarskattur“). Samhengi þessara þátta – og reyndar fleiri – gera það ekki sérlega fýsilegt að fjárfesta í atvinnustarfsemi. Það er dýr lexía í hagstjórn á tímum efnahagssamdráttar þegar skattar hvetja hvorki til fjárfestinga né til aukinnar atvinnu. Það bitnar auðvitað mest á ríkissjóði sjálfum, enda vaxa skattstofnar hægt – ef eitthvað – við þessar aðstæður. Á ýmsum sviðum er það svo áhyggjuefni að hækkandi skattar færa ýmsa starfsemi út úr hagkerfinu. Svört vinna, heimabrug og ýmislegt annað virðist vera að skjóta upp kollinum í ríkari mæli. Það getur ekki verið skynsöm skattastefna að efla neðanjarðarhagkerfið.

„Computer says no!“

Skattar, tollar og gjöld eru að nokkru leyti frumskógur, sem er ekki mjög skiljanlegur almennum neytendum. Sá sem hætti við að kaupa sér brauðrist og keypti sér samlokugrill í staðinn verður að sætta sig við að kaupa grillið með 20% vörugjaldi. Brauðristin er undanþegin vörugjaldi, enda engin ástæða til að rukka fyrir lóðréttu ristun. Kúamjólk ber engin vörugjöld, en af sojamjólk greiðast 16 kr. á hvern lítra. Ípod touch lófátölva, þar sem hægt er að senda tölvupóst og vafra um netið, ber 25% vörugjald enda skilgreind sem „afspilunartæki“

(með ansi mögnuðum „auka“eiginleikum). Í síðasttalda tilvikinu og fleirum er niðurstaðan sú að verslun á viðkomandi vörum færist úr landi, með tilheyrandi (beinum og óbeinum) tekjumissi fyrir ríkissjóð. Hvenær kemur ríkisstjórn eða stjórnmalamenn sem vilja einfalda kerfið, afnema vörugjöld og nota eingöngu virðisaukaskatt? Það kerfi er einfalt og allir skilja það. Það kerfi byggir ekki á ójafnræði milli einstakra vöruflokka og jafnvel milli staðkvæmdarvara. Ríkið yrði vissulega af tekjum á jaðrinum en á móti færist verslun aftur til Íslands. Kannski finnst stjórnmalamönnum allt í lagi að svarið verði áfram eins og hjá félögum í Little Britain: „Sorry, computer says no!“.

Einfalt kerfi – einföld framtíðarsýn

Ég vil gera þá kröfu að skattkerfið sé sem einfaldast og skýrast gagnvart þeim sem mestra hagsmuna hafa að gæta: skattgreiðendum sjálfum. Ofangreint sýnir að það eru fjöldamargar ambögur á skattkerfinu – en á móti er ljóst að ýmsar breytingar eru vissulega vandasarar og fela í sér svör við pólitískum spurningum. Við hljótum samt að vilja að kerfið sé talið sanngjarnt og skiljanlegt. Ef það flækist fyrir okkur að móta framtíðarsýn, þá heldur flækjustig skattkerfisins áfram að aukast. Við töpum öll á því.

ÁFENGISAUGLÝSINGAR

– Íslensk löggjöf taki mið af reynslu annarra þjóða

Þann 31. mars 2011 kom fram stjórnarfrumvarp um breytingu á áfengislögunum þar sem bann við áfengis- auglýsingum innlendra aðila yrði hert. Frumvarpið fór fyrir nefnd en var ekki afgreitt áður en þinginu lauk. Á yfirstandandi löggjafarþingi var frumvarpið sett fram að nýju, lítið breytt og var lagt til að það lögin myndu taka gildi snemma árs 2012. Núna er staðan sú að málið liggur ennþá í allsherjar- og menntamálanefnd og bíður efnislegrar umfjöllunar.

Félag atvinnurekenda ásamt Samtökum iðnaðarins og Sambandi íslenskra auglýsingastofa sendu frá sér yfirlýsingu í tilefni af hinu fyrra stjórnarfrumvarpi snemma árs 2011. Var m.a. bent á slæm áhrif slíkrar lagasetningar á innlenda framleiðendur, þar sem erlendir aðilar hefðu enn þá tækifæri til að auglýsa sínar vörur í gegnum erlenda miðla. Slíkt myndi skerða samkeppnisstöðu íslenskra framleiðenda til muna. Tekið var fram að velta bjóríðnaðarins á Íslandi nemur um 2,6 milljörðum króna og myndi hert bann hafa gríðarleg áhrif á framtíðarhorfur þess iðnaðar. Grundvallarsjónarmið sem gilda þurfa um áfengismarkaðinn eins og aðra markaði eru að samkeppnisstaða aðila sé jöfn. Með frumvarpinu væri gengið framhjá þessu sjónarmiði.

Pegar frumvarpið var síðan aftur sett fram á nýju löggjafarþingi vakti Félag atvinnurekenda aftur athygli á málinu og benti á að frumvarpið væri óraunhæft og fæli í sér ómarkviss úrræði gagnvart skaðlegri áfengisneyslu. Félagið lagði alfarið gegn frumvarpinu og lagði til að það yrði dregið til baka og raunhæfari lausnir fundnar.

Það er athyglisvert að umrætt frumvarp gengur í berhög við niðurstöðu starfshóps á vegum fjár-

málaráðherra. Sá hópur skilaði álit árið 2010 og taldi rétt að leyfa áfengisauglýsingar með miklum takmörkunum, líkt og flest Norðurlöndin gera, enda taldi hann bannið óraunhæft og erfitt í framkvæmd. Í frumvarpinu er hins vegar eingöngu horft til bannlöggjafar í Noregi, en ekki til annarra landa sem þó hafa náð góðum árangri í þessum málaflökki.

Það er afstaða félagsins að skynsamlegra sé að leyfa áfengisauglýsingar með afar ströngum skilyrðum, til samræmis við það sem þekkist víðast hvar erlendis, fremur en að banna þær alfarið. Félag atvinnurekenda hefur unnið tillögur um lagaumgjörð áfengisauglýsinga og siðareglur því tengdar. Verða þær kynntar samhliða umfjöllun Alþingis um frumvarpið.

GREINING HAGSMUNA Á ÍSLENSKUM LYFJAMARKAÐI

Í nóvember afhentu Félag atvinnurekenda, Frumtök, samtök frumlyfjafraeðinga og Samtök verslunar og þjónustu velferðarráðherra skýrslu með greiningu hagsmuna á íslenskum lyfjamarkaði. Markmiðið var að fá fram og skrá með skipulögðum hætti hin mörgu og ólíku sjónarmið allra hagsmunaaðila. Á þetta jafnt við hagsmuni tengda innflutningi, dreifingu, framleiðslu, smásölu, kaupum opinberra stofnana, sem og valdheimildir Lyfjastofnunar og hagsmuni almennings. Að skýrslunni komu lyfjaframleiðendur, Lyfjastofnun, landlæknisembættið, smásalar, heildsalar, innflutningsaðilar eða nánast allir sem starfa á íslenskum lyfja-

Hert bann við áfengisauglýsingum sagt rothögg fyrir íslenska bjórframleiðendur:

Skekkir samkeppnisstöðuna

FJÖLMÍÐLAR Nái frumvarp innanríkisráðherra um hert bann við áfengisauglýsingum fram að ganga verður það rothögg fyrir íslenska bjórframleiðendur og skekkir samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum tegundum. Þetta er fullt í yfirlýsingu frá Félaga atvinnurekenda, Samtökum iðnaðarins og Sambandi íslenskra auglýsingastofa.

Verði frumvarpið að lögum má sekta einstaklinga eða fyrirtæki um allt að 10 milljónir króna fyrir hvað sem flokka má sem auglýsingu. Í yfirlýsinguinni er bent á að



ÁFENGI Bannað er að auglýsa áfengi, en frumvarpi innanríkisráðherra er ætlað að stoppa í gót á núverandi lögum.

PRETTABLAÐ/STEFAN

um 150 manns hafi starfa við framleiðslu, dreifingu og markaðssetningu á íslenskum bjór. Framleiðslan veitti um 2,6 milljörðum á ári.

Fyrirhugað bann á eingöngu við um auglýsingar í íslenskum fjölmiðlum, áfengi verður áfram auglýst í erlendum blöðum erlendum sjónvarpsstöðvum. Því geta erlendir bjórframleiðendur kynnt vöru sína en ekki íslenskir, segir í yfirlýsinguinni.

„Það hlýtur að vera einsdæmi að stjórnmál setji lög sem hygla erlendra starfsemi á kostnað innlendra,“ segir þar enn fremur. - lj



markaði. Í skýrslunni eru 130 tillögur og hugmyndir um úrbætur á markaðinum. Meðal annars er lagt til að allt laga- og regluverk lyfjamarkaðarins verði endurskoðað frá grunni.

Í kjölfarið hefur FA fylgt þessu máli eftir með bréfi til Velferðarráðuneytisins þar sem fram koma sjónarmið félagsins varðandi endurskoðun Lyfjastefnu til ársins 2012. Einnig hefur félagið fyrir hönd aðildarfyrirtækja í Lyfja- og Lyfsöluhópum FA tekið saman þau atriði sem félagsmenn telja mikilvægt að setja þurfi í forgang af þeim hugmyndum sem fram koma í ritinu. Þessum atriðum hefur verið skipt upp í fjóra flokka sem eru fjölgun lyfja, hagkvæmni í dreifingu, neytendamál – gæði og öryggi, skýrleiki reglna og bætt þjónusta. Með því að leggja fram þessar hugmyndir er það von FA að ná megi frekari framförum á íslenskum lyfjamarkaði, auka fagmennsku og draga úr sóun.

NÝR LANDSPÍTALI

– Forgangsmál stjórnvalda

Árið 2002 fjallaði starfsnefnd heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra um framtíðaruppbyggingu háskóla-sjúkrahúss. Lagði nefndin til að háskólasjúkrahús væri á einum stað. Slíkt fyrirkomulag myndi koma sjúklingum til góða þar sem sérþekking væri samþjöppuð og meiri samvinna yrði milli sérgreina. Hagræðing myndi þannig nást í rekstri. Í framhaldi umræddrar skýrslu hefur mikið vatn runnið til sjávar í þessum málum og hefur framkvæmd verkefnisins verið með hægara móti.

Verkefnið tók hinsvegar ákveðin framfaraspor þegar hið opinbera hlutafélag Nýr Landspítali ohf. var stofnað árið 2010. Í kjölfarið varð umræðan um hinn nýja Landspítala áberandi og þá sérstaklega árið 2011. Í nóvember 2011 var síðan gefin út endurskoðuð hagkvæmnis-úttekt sem framkvæmd var af norska ráðgjafa-fyrirtækinu Hospitalitet sem sýndi mjög athyglisverðar staðreyndir er varða uppbyggingu hins nýja Landspítala.

Félag atvinnurekenda lét þetta mál sig varða og gaf út fréttatilkynningu í framhaldi af þeirri skýrslu og lagði mikla áherslu á að stjórnvöld myndu setja uppbyggingu umrædds Landspítala í forgang vegna þess mikla ávinnings sem af því hlýst.

Er ávinningurinn meðal annars sá:

- U.þ.b. 2,6 milljarðar króna sparast árlega við rekstur hins nýja Landspítala
- Núverandi húsnæðiskostur uppfyllir ekki lágmarkskröfur til spítala og úr því yrði bætt
- Unnt væri að nýta nýjustu tækni í tækjabúnaði, sem núverandi húsnæði býður ekki upp á
- Aukinni þjónustupörf verður mætt samfara því sem þjóðin eldist
- Framboð á hágæða lækniþjónustu eykst og verður nýr Landspítali því ákjósanlegur vinnustaður fyrir hámenntaða Íslendinga, sem annars myndu sækjast í vinnu erlendis
- Verkefnið er kærkomið fjárfestingaverkefni fyrir atvinnulífið, þ.e. jafnt fyrir byggingarverktaka sem og þjónustu aðila og innflutningsaðila



EIGNARHALD BANKA Á ATVINNUFYRIRTÆKJUM


- Aðhald skilar árangri en vaktin heldur áfram

Félag atvinnurekenda hefur beitt sér fyrir gagnsæi hvað varðar eignarhald banka á fjármálafyrirtækjum. Félagið lét m.a. til sín taka í umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki sem kom fram á fyrri hluta ársins 2010. Þar lagði félagið áherslu á að löggjöfin væri ennþá skýrari hvað varðar þetta mikilvæga mál. Nokkur árangur náðist, t.d. bættist við skýrara ákvæði um tímafresti eignarhalds fjármálafyrirtækja á fyrirtækjum í óskyldum rekstri.



Í október sl. skapaðist mikil umræða um málefni Pennans, þar sem reyndi á samkeppnissjónarmið og mikilvægi þess að eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum komi eingöngu til sem skref í endurskipulagningu í takmarkaðan tíma. Í þessu máli skipta tímafrestir skv. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki miklu máli, en bankar mega einungis eiga fyrirtæki í 12 mánuði án þess að leita eftir undanþágu hjá FME.

Mörg önnur dæmi komu upp á sjónarsviðið og m.a. að bankar, eða dótturfélög þeirra, hafi átt fyrirtæki í meira en 30 mánuði. FA taldi ástæðu til að fylgja málinu eftir og þann 26. október sendi félagið bréf til FME þar sem óskað var eftir svörum við því hversu oft frá hrúni fjármálafyrirtæki hafi sótt um tímabundið eignarhald á fyrirtæki í óskyldum rekstri. Hversu oft tímafrestir hafi verið framlengdir osfrv. Mikil þörf var á skýrari upplýsingagjöf um þessi mál eins og kom á daginn.



Í könnun meðal félagsmanna FA sem gerð var í janúar kemur fram að yfir helmingur þátttakenda telur að beint eða óbeint eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum hafi þó nokkur eða mjög mikil áhrif á samkeppni á mörkuðum.

„Það er mjög mikilvægt að eftirlitsstofnanir byggi upp trúverðuleika varðandi framfylgd laganna. Hann er ekki fyrir hendi ef tugir fyrirtækja hafa verið í eigu banka í mjög langan tíma. Formlega séð hafa mörg þeirra verið í eigu banka í meira en ár og óformlega mun lengur. Staðan er ekki góð þegar að um svona mörg fyrirtæki er að ræða. Sérstaklega þegar lítið er til þess hversu langt er liðið frá efnahagshruni, en við í sjálfu sér teljum alveg eðlilegt að bankarnir fái ákveðið ráðrúm til endurskipulagningar en þegar upplýsingarnar liggja fyrir um að 68 tilvik hafi borist Fjármálaeftirlitinu um viðbótarfresti um frestun eignarhalds, sem er þá farið að nema lengri tíma en 12 mánuðum, þá erum við farin að setja okkur í þá stöðu að bankarnir séu að njóta vafans en ekki neytendur og fyrirtæki á samkeppnismarkaði.“

Viðtal við Almar Guðmundsson, útvarpsfréttir RÚV 5. nóvember

Í svari FME kom fram að 137 félög í óskyldri starfsemi voru í eigu íslenskra banka. Í svarbréfinu kom fram að sótt hafi verið um framlengdan frest fyrir um helm-ing þeirra fyrirtækja sem eru í eigu bankanna, alls 68 talsins. Þær voru allar samþykktar en ekki kom fram hvers konar ástæður væru fyrir því.

Að hluta byggist þetta mál einfaldlega á gagnsæi og því að upplýsingagjöf sé með þeim hætti að ónauðsynleg tortryggni myndist ekki í garð eignarhalds banka á fyrirtækjum. Slíkt eignarhald á sér eðlilegar skýringar, en á ekki að vera viðvarandi.

137 fyrirtæki í faðmi banka

Bankar eiga á annað hundrað félög sem eru í óskyldri starfsemi þremur árum eftir bankahrún. Þeir mega einungis eiga slík fyrirtæki í 12 mánuði. Það eru um að fyrirtæki hafi verið í eigu banka í 30 mánuði.

YKKÖSTI L37 félagi í öðryðri starfs-
smátt er í eigin íslenskum banka
í dag. Þetta kemur fram í svari
Fjármálaofisríkisins (FMÍ)
við fyrirspurn Félags atvinnu-
seksnda (FA) þess efnis. Sam-
kvæmt lögum megi bankur ein-
unginn eiga fyrirtæki í 32 mánaði
án þess að hafa eftir undirþágu
hjá FMÍ.

verð um framfærðan frest fyrir um helming þeirra fyrirtækja sem eru í síga þanniganna, alls átta talstala. Þær voru allar samþykktar.

Aðar fyrir var einungis tilgreint í lögum að bónum væri ekki heimild að síga fyrirtæki í öðryðhan rökstær á þess að nokk-
ur komar tilfærðar. Væri settar útan um síft eignarhlut. Þær voru þreytt í fyrir að lagabreytingar þess efnis að þakkar matna ekki síga síft fyrirtæki lengur en í

68 umsóknir um framlegðan frest til að eiga fyrirtæki hafa borist Fjármálaeftirlitinu.

Almar Gústmundsson, framkvæmdastjóri FA, segir mjög mikilvægt að eftirlitstofnanir byggji upp trúverðulega varðandi framfyllti laganna. „Hann er ekki fyrir hana tækja hafa verið mjög langan tíma hafa mörg þeir hanka í meira en mun lengur. Skil eru þó mjög að hagnata vafala, ekki samkeppniomari

Brátt mun sjá fyrir endann á Beinu brautinni

● Framkvæmdastjóri FA gagnrýnir seínagang

Byroni Chafetz



Undervættum Skriflað var undir samkomulag um áhræðfyrir eina og sökklað stóla fyrirtæki í kaubhlutanda þann 15. desember í fyrru.

til denne verð langt í tíðum og að lokum hefur verið 280 fyrirtæki verið keypt þannig að örfewöldur eirðna og greiðsýggja lína hafa verið lokluðar um 21 prósent.

Itävaldajien Filippiinien siirtoma-
nalla myös varustettu noin siltä haali
voisi jaksavti, on markkinoille laad
varustettu.

Þessi fjárfesting er hluti af fjárfestingu í eigin fyrirtæki og er hluti af fjárfestingu í eigin fyrirtæki.

Kun vera 326 fyrirtæki í skattum hjá löðumenn, en samkvæmt eftirlags- og viðskiptisráðgjöfeytjum er stefnt að því að þau muni alltaf tilhafa um einskilvæðingarnæga skatta stöðu. Eftir samráðstafað.

Allegorien hefter medt hægt og gert var midt fynt. Tilbed fra blæk, somme tegn af kære fyre kjender, en øve tegn vildtlystende eller ad søve jøen og en tredje gængs af søvndrømmen. De bed af lod strømer

[illegible]

Jak vest en gogotat bogi

[illegible][illegible]

Buskarnar hafa, kingst til að minnsta kosti, verið mjög hefur í boði að taka og vilja líta eyrna á alla skapaga hluti þeir skóla þess hvernig, og hvernig að þeir skóla þess hvernig.

Age (yr)	Gender	Case No.	Year
10	F	1	1985
12	M	2	1986
15	F	3	1987
18	M	4	1988
20	F	5	1989
22	M	6	1990
25	F	7	1991
28	M	8	1992
30	F	9	1993
32	M	10	1994
35	F	11	1995
38	M	12	1996
40	F	13	1997
42	M	14	1998
45	F	15	1999
48	M	16	2000
50	F	17	2001
52	M	18	2002
55	F	19	2003
58	M	20	2004
60	F	21	2005
62	M	22	2006
65	F	23	2007
68	M	24	2008
70	F	25	2009
72	M	26	2010
75	F	27	2011
78	M	28	2012
80	F	29	2013
82	M	30	2014
85	F	31	2015
88	M	32	2016
90	F	33	2017
92	M	34	2018
95	F	35	2019
98	M	36	2020

GENGISTRYGGÐ LÁN

- Jákvæð þróun en of hæg

Endurútreikningar gengistryggðra lána voru mikið í deiglunni árið 2011. Beina brautin, sameiginlegt átak stjórnvalda og ýmissa hagsmunasamtaka, skilaði hraðari úrlausn mála. Nokkrar hindranir voru þó á veginum og þröngsýn afstaða banka til fordæmisgildis dóma um gengistryggð lán hafði þó nokkur áhrif á málshraðann. Segja má að úrlausn þessara mála sé langt komin, en því miður eru ennþá álitamál á lofti varðandi hvað nákvæmlega telst til gengistryggingar.

Í mars var haldinn fjölmennur félagsfundur um málið og í framhaldi af honum varð töluverð fjölmiðla-
umræða. Í fréttum Stöðvar 2 þann 14. mars gagnrýndi
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FA, þá tregðu
sem einkenndi afstöðu bankanna til endurútreikninga.
„Það er alveg skýrt að í samkomulaginu er sú krafa
lögð á bankana að þeir veiti þennan endurútreikning.“
Félagið ráðlagði félagsmönnum á þessum tímapunkti
að leita ráðgjafar.


„Í ljósi dómaframkvæmdar Hæstaréttar í febrúar, þá teljum við mjög mikilvægt að fyrirtækin fái einfaldlega sérfræðinga til þess að meta með sér hvort að gengis-
tryggð lán þeirra séu ólögmat. Nú ef svo er þá teljum við líka mikilvægt að fyrirtækin fái endurútreikning í samvinnu við sérfræðinga“, sagði Almar í fréttinni.

Í maí benti svo félagið á mikilvægi þess að leiðréttingar vegna ólögmastra gengistryggðra lána þyrftu að ná hraðar til lána fyrirtækja sem ekki eiga í skuldavanda. Í samtali við Morgunblaðið sagði Almar m.a. „Fjölmörg fyrirtæki sem ekki eru í eiginlegum skuldavanda hafa kvartað yfir því að fá ekki leiðréttingar vegna ólögmastra gengistryggðra lána. Bankarnir hafa vissulega sýnt samstarfsvilja í Beinu brautinni, hann hefur skort þegar kemur að gengistryggðum lánnum fyrirtækja sem ekki falla undir Beinu brautina. Í vikunni mun væntanlega falla annar dómur um slíkt lán þannig að málin eru farin að skýrast mjög varðandi þessi ólögmaetu lán. Bankarnir hafa, hingað til að minnsta kosti, verið mjög harðir í horn að taka og viljað láta reyna á alla skapaða hluti þótt okkur þyki komin sæmilega skýr mynd á landslagið hvað varðar þessi lán.“


VIÐHORF FÉLAGSMANNA

Félag atvinnurekenda framkvæmdi nýverið könnun sem ætlað var að kanna viðhorf félagsmanna gagnvart starfsemi félagsins inn á við og út á við. Þar að auki var könnuninni ætlað að kanna afstöðu félagsmanna til hinna ýmsu málefna, s.s., samkeppni á mörkuðum, efnahagsástandsins, aðgerða opinberra aðila og Evrópumála.


Hver er ársvelta fyrirtækisins?




Í hvaða atvinnugrein starfar viðkomandi fyrirtæki?




Hversu margir starfa hjá fyrirtækinu?



Hefur fyrirtæki þitt farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu frá því í október 2008?




Telur þú að fjárhagsleg endurskipulagning fyrir-tækja hafi haft marktæk áhrif á samkeppni á þínum markaði?




Telur þú að opinberir aðilar gangi of langt í aðgerðum sínum gagnvart fyrirtækjum í þinni starfsgrein?




Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?




Ísland á að ganga í ESB




Taka skal einhliða upp annan gjaldmiðil hér á landi



Krónan er framtíðargjaldmiðill fyrir Ísland



Taka skal upp Evru á Íslandi við aðild að ESB



ATBURÐIR Á VEGUM FA

8. mars 2011

8. mars var haldinn félagsfundur sem fjallaði um dóma gengistryggðra lána fyrirtækja, endurútreikning þeirra og „Beinu brautina“. Lögmaður félagsins Páll Rúnar M. Kristjánsson fór yfir þessa dóma og setti niðurstöður þeirra í samhengi. Gunnar Sigurður Gunnarsson, yfirmaður M&A þjónustu Deloitte og Birkir Böðvarsson yfirmaður verðmatsþjónustu Deloitte fóru yfir endurútreikninga gengistryggðra lána, tekin voru dæmi og rætt um helstu áhrifaþætti. Einnig fjölluðu þeir um reynslu Beinu brautarinnar. Fyrirspurnir voru fjölmargar og var augljóst að þessi mál eru ofarlega í huga félagsmanna.

28. apríl 2011

Sérstakt „dömuboð“ var haldið í fyrsta sinn 28. apríl, hugmyndin var að eiga góða stund saman, fræðast og kynnast dömum sem vinna innan fyrirtækja Félags atvinnurekenda. Rúna Dögg Cortes framkvæmdastjóri Auglýsingamiðlunar fræddi dömurnar um kauphegðun

Íslendinga. Allar dömurnar voru síðan leystar út með glaðningi.

31. maí 2011

Á félagsfundi þann 31. maí kynnti framkvæmdastjóri félagsins nýgerða kjarasamninga sem gerðir voru við VR/LÍV og Rafiðnaðarsamband Íslands. Samningarnir gilda til 3 ára og eru í öllum meginatriðum sambærilegir við samninga SA við sömu stéttarfélag. Á þessum fundi ræddi framkvæmdastjóri einnig stöðu efnahagsmála.

24. ágúst 2011

Galin vaxtahækkun eða eðlileg viðbrögð við verðbólguhættu? Var yfirskrift félagsfundar 24. ágúst, þar sem Már Guðmundsson seðlabankastjóri ræddi aðgerðir bankans í vaxtamálum. Már ræddi einnig um peningastefnuna og gjaldeyrishöftin. Að loknu erindi sínu svaraði Már fyrirspurnum.



6. september 2011

Félagsfundur um fiskveiðistjórnarkerfið var haldinn 6. september þar sem frumvarp um ný lög varðandi stjórnun fiskveiða var til umræðu. Helstu umræðuefni fundarins voru:

- Hverjir eru ágallar núverandi kerfis?
- Hverjir eru kostir þess?
- Af hverju á að breyta löggjöfinni?

Framsögumenn voru: Einar kristinn Guðfinnsson, alþingismaður og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Jón Steinn Elíasson forstjóri Toppfisks ehf. og stjórnarformaður SFÚ, Kristinn H. Gunnarsson fyrrverandi alþingismaður og einn talsmanna Betra kerfis, áhugamannahóps um sjávarútvegsfélaga.

Eftir framsögur tóku við líflegar umræður. Fundurinn sýndi greinilega að ekkert miðar í átt að sátt að skynsamlegri stefnumörkun í sjávarútvegi.

21. september 2011

Félagsfundur um skuldamál fyrirtækja var haldinn 21. september. Framsögumenn voru: Halldór Bjarkar Lúðvígsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaþjónustu Arion banka, Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka, Hjördís Dröfn Vilhjálmisdóttir, framkvæmdastjóri endurskipulagningar eigna Landsbankans og Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður.

Helsu umræðuefni fundarins voru:

- Hver er staðan í leiðréttingum gengistryggðra skulda fyrirtækja?
- Hafa mál verið kláruð eða eru ennþá ljón á veginum?
- Hversu mikið svigrúm hafa bankar til afskrifta?
- Skuldaleiðréttingar og samkeppnissjónarmið.



1. nóvember 2011

„Skaða bankarnir samkeppni“ var yfirskrift á opnum fundi sem Félag atvinnurekenda ásamt Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) stóðu fyrir 1. nóvember á veitingahúsinu Nauthól.

Fundurinn fjallaði um áhrif eignarhalds banka á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri, hvort eignarhaldið væri samkeppnishamlandi og hvort það væri nægilega markvisst.

Framsögumenn voru:

Baldur Björnsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar

Jón Steinn Elíasson, forstjóri Toppfisks og formaður SFÚ

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Vel var mætt á fundinn og voru líflegar umræður um málefnið í fundarlok.

2. Nóvember 2011

Bygging nýs Landspítala var umræðuefnið á félagsfundum 2. nóvember þar sem ræðumenn voru eftirfarandi:

Jóhannes Gunnarsson, klínískur ráðgjafi NLSH og var erindi hans „Af hverju stækkun Landspítala?“.

Helgi Már Halldórsson arkitekt Spítal-hópsins fjallaði um „Deiliskipulag og forhönnun“ og að lokum fjallaði Gunnar Svavarsson formaður byggingarnefndar NLSH um „Verkstöðu og næstu skref“. Í framhaldi af þessum félagsfundum sendi stjórn Félags atvinnurekenda frá sér fréttatilkynningu um að bygging nýs Landspítala væri forgangsverkefni.

1. desember 2012

Einn er sá atburður sem er orðinn ómissandi í starfi félagsins en það er „Aðventustundin“. Að þessu sinni var hún haldin 1. desember, þar sem Yrsa Sigurðardóttir las upp úr nýrri bók sinni „Brakinu“ og Styrmir Gunnarsson fyrrverandi ritstjóri las einnig upp úr bók sinni „Ómunatíð“. Síðan mættu þeir félagar Ragnar



Bjarnason og Þorgeir Ástvaldson með söng og glens. Gestir tóku vel undir söng þeirra. Þetta var notarleg stund í góðra vina hópi.

12. janúar 2012

Á nýju ári eða 12. janúar var haldinn fyrsti félagsfundur vetrarins og bar hann yfirskriftina „Efnahagshorfur á nýju ári og mælaborð hagtalna“. Gestir fundarins voru Gísli Hauksson og Agnar Tómas Möller frá GAMMA. Á meðal þess sem þar kom fram var að Ísland er með nokkuð hreinan efnahagsreikning eftir hrunið. Leysa þarf skammtíma lausafjávandræði í erlendum myntum og finna lausn á deilumálum við erlendar þjóðir. Vaxtarmöguleikar hagkerfisins væru nokkuð góðir. Að lokum kynnti Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FA nýja framsetningu á áhugaverðum hagtölum á heimasíðu félagsins sem Datamarket sér um. En lausnir þeirra bjóða upp á skemmtilega möguleika í greiningu hagtalna sem félagsmenn geta nýtt sér.

25. janúar 2012

Félagsfundur sem haldinn var 25. janúar bar yfirskriftina „Er einhver leið til að lækka flutningskostnað til og frá Íslandi?“ Hvaða möguleikar eru til staðar til að lækka flutningskostað? Gestir fundarins voru þeir Kristján M. Ólafsson frá Netspor og Birgir S. Bjarnason frá Íslensku Umboðssöslunni.

Á meðal þeirra atriða sem farið var yfir voru flutningskeðjan, samsetning flutningskostnaðs, dæmi um reikningslínur flutningafélaganna, jafnvægi í flutningum og hvaða valkosti fyrirtæki hafa í inn- og útflutningi. Einnig var rætt hvaða möguleika fyrirtæki hafa í hlutasendingum og að tækifæri séu í samstarfi á milli fyrirtækja hvað varðar flutning.



ÖFLUGT NÁMSKEIÐAHALD

Eins og undafarin ár var boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða. Þegar námskeið eru valin er reynt að höfða bæði til stjórnenda fyrirtækja og almennra starfsmanna. Eins og ávallt voru þessi námskeið vel sótt.

BOÐIÐ VAR UPP Á EFTIRFARANDI NÁMSKEIÐ ÁRIÐ 2011

Áhrifameiri kynningar – meiri áhrif
Leiðbeinandi: Thomas Möller

Hrós – Hvernig á að hrósa og taka á móti hrósi
Leiðbeinandi: Örn Árnason leikari

Tengsl við neytendur og virði þeirra
Leiðbeinandi: Dr. Valdimar Sigurðsson

Námskeið í markmiðasetningu
Leiðbeinandi: Hrefna Birgitta Bjarnadóttir

Námskeið í vöruframsetningu
Leiðbeinandi: Guðrún Dagmar Haraldsdóttir, útstillingarhönnuður

Nýjasta nýtt í birgðastýringu
Leiðbeinandi: Thomas Möller

Námskeið í starfsmannasamtölum
Leiðbeinandi: Hrefna Birgitta Bjarnadóttir

Hagnýtt námskeið um markaðssetningu á Facebook
Leiðbeinendur: Valgeir Magnússon og Bjarni Benediktsson

Námskeið í stjórnsýslurétti – samskipti stjórnvalda og fyrirtækja
Leiðbeinandi: Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.

Siðareglur, fagmennska og traust
Leiðbeinandi: Salvör Nordal

SJÁVARÚTVEGSSÝNINGIN Í BRUSSEL

Félag atvinnurekenda var með bás á Sjávarútvegssýningunni í Brussel í fyrra eins og undanfarin ár fyrir félagsmenn. Einnig hafði félagið milligöngu um flugið í samvinnu við Expressferðir.



AÐALFUNDUR - 2011

Aðalfundur Félags atvinnurekenda árið 2011 var haldinn 10. febrúar í fundarsal Nauthóls í Reykjavík og var Stefán S. Guðjónsson fundarstjóri. Haldinn var að loknum aðalfundi opinn fundur, sem Hanna Katrín Friðriksson stýrði. Gestir fundarins voru Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, Luis E. Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Guðný Rósa Þorvarðardóttir, framkvæmdastjóri Parlogis og Bogi Þór Siguroddsson, stjórnarformaður Johan Rönning. Yfirskrift fundarins var: Viðskipti á Íslandi: tonn af tækifærum eða eintómar ógnanir?

Í ræðu formanns félagsins, Margrétar Guðmundsdóttur, fjallaði hún um ýmsa hluti tengda félaginu og þjóðfélaginu í heild. Taldi hún að nafnabreyting félagsins hefði gefist vel, sem hefði skapað félaginu fleiri tækifæri og að almennt væri ánægja með breytinguna. Fór hún yfir starfsemi félagsins á árinu sem leið og lagði áherslu á mikilvægi þess að afla nýrra félagsmanna og styrkja þannig stöðir félagsins. Einnig vék hún að ábyrgð stjórnenda fyrirtækjanna, ekki aðeins gagnvart eigendum þeirra heldur gagnvart samfélaginu og þá launþegum. Lagði hún áherslu á þjóðfélagslegan ávinning samhliða því að hámarka arð hluthafa. Taldi hún að forsvarsmenn fyrirtækja ættu að leggja meira á sig til að taka þátt í almennri þjóðfélagsumræðu og láta sig grunnstöðir samfélagsins varða, t.d. menntakerfið. Vísaði hún í því skyni til dansks atvinnulífs og áherslna þarlandra forstjóra á vöxt atvinnulífsins með menntun þegnanna í fyrirrúmi.

Í upphafi hins opna fundar ávarpaði Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra salinn og opnaði þar með fundinn. Luis E. Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna tók því næst til máls og fjallaði um langvarandi samband Bandaríkjanna og Íslands sem hann taldi hafa vaxið á mörgum sviðum. Taldi hann mikilvægt að benda á að Bandaríkin væru einnig í sömu aðstöðu og Íslendingar þar sem landið væri enn í endurreisn eftir

kreppuna en þar í landi væri því versta lokið. Að lokum minntist hann á að erlend fyrirtæki hefðu áhuga á íslenskum markaði en sökum aðstæðna hér á landi þá teldu fyrirtæki sér ekki fært að fjárfesta á landinu. Taldi hann hinsvegar að Íslendingar byggju yfir gríðarlegum tækifærum og þau væri mikilvægt að nýta.

Guðný Rósa Þorvarðardóttir, framkvæmdastjóri Parlogis fjallaði í sinni ræðu um vörustjórnun og mikilvægi hennar. Taldi hún mikilvægt að breyta núverandi viðhorfi og láta sérhæfðum fyrirtækjum í hendur sérhæfð verkefni í stað þess að fyrirtæki reyni að sinna öllum sviðum sjálf. Hún tók í því samhengi dæmi um vörustjórnun og markaðssetningu. Það væri dýrt fyrir fyrirtæki að reyna að sinna þessum atriðum sjálf í stað þess að láta sérhæfða aðila sinna slíkum verkefnum. Taldi hún að tækifærin á Íslandi væru mörg og áréttaði hún mikilvægi þess að fólk sérhæfi sig, og að slík sérhæfing fái að njóta sín.

Að lokum tók Bogi Þór Siguroddsson, stjórnarformaður Johan Rönning til máls og flutti erindið, „Er óstöðugt rekstrarumhverfi náttúrulögmál?“ Fjallaði hann um sjónarmið sín varðandi hvað hann teldi vera undirstöðuatriði þess að árangur náist.

Fundurinn gekk alla jafna vel fyrir sig og góðar umræður mynduðust. Lögð var mikil áhersla á félagaöflun og að rétta fjárhag félagsins við. Að loknum fundi bauð félagið fundargestum til móttöku.



FJÁRFESTINGARSJÓÐUR STÓRKAUPMANNA

Fjárfestingarsjóður stórkaupmanna (FS) var stofnaður árið 1970 og hlutverk hans hefur verið að tryggja sjóðsfélögum aðgang að lánum til hvers konar fjárfestinga á sviði viðskipta eða verslunar. FS hefur á þessum tíma verið mörgum aðildarfyrirtækjum FA öflugur fjárhagslegur bakhjarl.

FS hefur frá fyrsta degi haft milligöngu um fjárfestingarlán frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna til félagsmanna sinna. Lán þessi eru veitt gegn veði í fasteign og eru til allt að 20 ára. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér kosti þessara lána hjá skrifstofu FA.

Í stjórn FS eru Arnar R. Birgisson formaður, Stefán S. Guðjónsson, Benedikt E. Gunnarsson, Jón G. Baldvinsson, Ólafur Ó. Johnson.

STARFSEMI ÍSLENSK-KÍNVERSKA VIÐSKIPTARÁÐSINS Í BLÓMA.

Starfsemi ÍKV var að stórum hluta með hefðbundnu sniði á síðasta ári. Kínversku áramótunum var fagnað á veitinga-húsinu Tian, haldnir voru fundir og aðrar reglulegar uppá- komur. Í tilefni af 40 ára stjórnmalasambands Íslands og Kína hélt ÍKV, í samstarfi við Deloitte, Icelandair, Íslandsstofu, Össur, Icelandic business forum og Konfúsíusarstofnunina Norðurljós, ráðstefnu um viðskipti landanna í Turninum við Smáratorg. Opnunnarræðu fluttu Össur Skarphéðinsson, utan- ríkisráðherra og Dr. Su Ge sendiherra Kína á Íslandi. Meðal fyrirlesara voru m.a. Kjeld Erik Brødsgaard, prófessor við Copenhagen Business School og Húni Heiðar Hallsson, heims- skautalögfræðingur. Húsfyllir var á ráðstefnunni og hún í alla staði mjög vel heppnuð.

Síðla sumars og á haustmánuðum voru fyrirhuguð kaup kínverjans Huang Nubo á jörðinni Grímsstöðum á Fjöllum mjög í umræðunni. Lagði ÍKV mikið upp úr því að málefnaleg sjónarmið réðu við ákvörðun á því hverjir fengju að fjárfesta hér á landi og að ekki yrði lögð önnur mælistika á fjárfesta frá Kína en öðrum löndum. Málið velktist svo lengi á borði innanríkisráðherra en samþykki hans var forsenda fyrir því að af kaupnum gæti orðið. Um miðjan nóvember sendi stjórn ÍKV frá sér fréttatilkynningu þar sem skorað var á innanríkis- ráðherra að samþykkja söluna sem fyrst, fyrir öðru væru engin efnisleg rök auk þess sem íslenskt atvinnulíf þyrfti á áráð- num fjárfestum að halda til að byggja upp öflugt atvinnulíf í landinu. Óhæfa væri að flokka fjárfesta eftir búsetu og slíkt yrði eingöngu til að fæla fjárfesta frá landinu. Skemmst er frá því að segja að innanríkisráðherra tók ekki undir sjónarmið ÍKV og veitti ekki samþykki sitt.

Má því með sanni segja að líf og fjör hafi verið í starfsemi ÍKV á liðnu ári. Framundan eru svo ný verkefni til styrkingar viðskiptasambands landanna.



STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐS VERZLUNARMANNA Á ÁRINU 2011

Starfsemi og rekstur lífeyrissjóðsins á árinu 2011 einkenndist af erfiðu ytra umhverfi gjaldeyrishafta og takmörkuðum fjárfest- ingarkostum innanlands. Engu að síður náðist góður árangur á ýmsum sviðum, má þar nefna m.a. að sjóðurinn eignaðist hlut í HS Orku ásamt fleiri lífeyrissjóðum, á árinu staðfestist að fjárfesting sjóðsins í Icelandair var vel heppnuð auk þess sem fjárfesting sjóðsins í Framtakssjóð Íslands fer vel af stað, svo dæmi séu nefnd. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu þát- tum í starfsemi sjóðsins á árinu 2011.

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir endanlegt uppgjör fyrir lífeyris- sjóðinn þegar þetta er ritað er ljóst að raunávöxtun sjóðsins á árinu 2011 var jákvæð þótt hún nái ekki þeirri ávöxtunarkröfu sem gerð er til lífeyrissjóða í tryggingafræðilegu uppgjöri.

Eignasafn sjóðsins nemur um 340 milljörðum króna og er sam- setning þess traust. Undanfarin ár hefur vægi traustra skulda- bréfa og ríkistryggðra innlána aukist. Af eignum sjóð- sins í árslok eru um 30% í ríkistryggðum skuldabréfum, bankainnstæður nema 11%, skuldabréf sveitarfélaga og fyrirtækja 13% og lán til sjóðfélaga 11%. Erlend verðbréf nema um 28% eigna og eru þau í eignastýringu hjá traustum erlend- um fjárvörsluaðilum sem fjárfesta í vel áhættudreifðum hluta- bréfasöfnum stórra alþjóðlegra fyrirtækja. Innlend hlutabréf nema um 7% af eignum og skilaði sá eignaflokkur hvað bestri ávöxtun. Enn ríkir óvissa um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga við gömlu viðskiptabankana. Vaxandi líkur eru á að málið endi fyrir dómstólum.

Fjöldi greiðanda sjóðfélaga á liðnu ári var rúmlega 47 þúsund og hafði fjölgað lítillega frá fyrra ári og námu iðgjöld 17,2 ma.kr. Greiddur lífeyrir til lífeyrisþega nam 6,7 ma.kr. til um 10.500 lífeyrisþega.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er metin árlega samhliða gerð ársreiknings. Í árslok 2010 var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 3,4%. Sjóðurinn þarf þó ekki að skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga að svo komnu, enda innan þeirra marka sem lög setja um stöðuna.

Staða Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er sterk og leggur sjóðurinn áherslu á að taka virkan þátt í að efla og byggja upp innlandan verðbréfamarkað og nýta þannig þau ávöxtun- artækifæri sem vænta má að skapist með nýskráningu félaga á komandi misserum.

Fulltrúar Félags atvinnurekenda í stjórn Bogi Þór Siguroddsson og Birgir Bjarnason (varamaður) tóku við stjórnarsetu í Lífeyrissjóði verzlunarmanna 2008/2009.



NJARÐARSKJÖLDURINN

Njarðarskjöldurinn, hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar, Miðborgarinnar okkar, Félags atvinnurekenda, SVP, Global Blue á Íslandi og Tax free Worldwide - Ísland var veittur í sextánda sinn 12. janúar sl.

Markmið verðlaunanna er að hvetja til bættrar og aukinnar verslunarþjónustu við ferðamenn í Reykjavík. Við tilnefningu ferðamannaverslunar ársins er leitast við að verðlauna þá verslun sem hefur náð hvað bestum söluárangri til erlendra ferðamanna milli ára. Horft er til markaðs- og kynningarmála, svo sem auglýsinga, vefs og útlits almennt. Aðrir þættir eru einnig skoðaðir sérstaklega. Það var verslunin Aurum Bankastræti 4 sem hlaut Njarðarskjöldinn að þessu sinni.

Jafnframt var "Freyjusómi 2011" afhentur í fyrsta sinn. Viðurkenningin er veitt til þeirrar verslunar sem þykir koma með ferskan andblæ í verslunarrekstur á ferðamannamarkaði í borginni. Það var verslunin Nostalgía, Laugavegi 32 sem hlaut þessa viðurkenningu.



STARFSEMI SAMTAKA FISKFRAMLEIÐENDA OG ÚTFLYTJENDA 2011



Megin áherslan í starfi SFÚ undanfarið ár, líkt og áður, er að stuðla að bættu viðskipta- og samkeppnisumhverfi þeirra sem kaupa megnið af sínu hráefni á fiskmörkuðum.

Í upphafi ársins var vinnu nýlökð í samstarfhópi er Sjávarútvegsráðuneytið skipaði til að endurskoða löggjöfina um stjórn fiskveiða. Afraksturinn af þeirri vinnu er í raun enn að koma í ljós þar sem nýtt frumvarp er enn í smíðum. Er það þó von SFÚ að sjónarmið og áherslur samtakanna rati inn í frumvarpið.

Ýmsar leiðir hafa verið farnar til að koma boðskap SFÚ til þeirra sem hann á erindi við. Hefur verið fundað með þingmönnum ásamt því sem fulltrúar SFÚ hafa mætt fyrir sjávarútvegsnefnd Alþingis til að gera grein fyrir afstöðu samtakanna til þeirra frumvarpa sem lögð hafa verið fyrir þingið.

SFÚ átti fulltrúa í ýmsum nefndum og hópum á árinu. Ber þar helst að nefna samninganefnd sjávarútvegsins varðandi inngöngu í Evrópusambandið, fagrað sjávarútvegsins hjá Íslandsstofu ásamt útflutningshópi Félags atvinnurekenda.

Tók SFÚ þátt í ýmsum sjónvarps- og útvarpsviðtölum ásamt opnum fundum í samvinnu við m.a. SÍF, Útvarp Sögu, stjórn-málaflokka og Félag atvinnurekenda. Einnig tók talsmaður SFÚ til máls á Evrópuþinginu í Brussel.

Stærsta mál ársins er þó að öllum líkindum erindi SFÚ til Samkeppniseftirlitsins og varðar samkeppnislega mismunur í fiskvinnslu sem er að mati SFÚ afleiðing ágalla í lagaumhverfi greinarinnar. Engin niðurstaða er komin í það mál og er það enn á borði Samkeppnisyfirlalda.

Talsverð vinna er framundan hjá SFÚ þar sem sjávarútvegs-

ráðherra hefur boðað framlagningu nýs frumvarps um stjórn fiskveiða nú á vörpingi. Er því ljóst að verkefni SFÚ verða á svipuðum nótum og verið hefur á næstu misserum.

SÍA



Samband íslenskra auglýsingastofa, SÍA, hefur starfað í tæp 35 ár eða allt frá árinu 1978. Í dag eru sjö auglýsingastofur og ein birtingastofa starfandi innan SÍA.

Heildarstarfsmannafjöldi þeirra fyrirtækja sem starfa innan SÍA er um 215 manns og jókst um 10% á milli ára. Heildarvelta SÍA-stofa á árinu 2011 var um 6,9 milljarðar og jókst sem nemur um 12% á milli ára. Ef litið er til nýlegra kannana sem gerðar hafa verið á meðal stjórnenda fyrirtækja hér á landi þá gefa þær tilefni til hóflegar bjartsýni varðandi vöxt og viðgang greinarinnar á næstunni. Því kann enn að verða nokkur bið á því að auglýsingamarkaðurinn taki almennilega við sér hér á landi.

Starfsemi SÍA var með nokkuð hefðbundnu sniði á síðastliðnu ári. Siðanefnd SÍA lauk við uppfærslu á nýjum siðareglum félag-sins en þær eru að mestu unnar eftir siðareglum EACA (Evrópusamtök auglýsingastofa) og Alþjóða verslunarráðsins. Siðareglurnar eru nú öllum aðgengilegar á vef samtakanna, www.sia.is.

SÍA hefur, í góðu samstarfi við Ímark mörg undanfarin ár, unnið að reglubundinni endurskoðun á þátttökureglum og öðru því sem lýtur að framkvæmd Lúðursins, íslensku auglýsingaverðlaunanna, sem fram fer í tengslum við Íslenska markaðsdaginn. Má segja að þetta sé nokkurs konar uppskeruhátíð bransans en þar er verðlaunað það sem þótt hefur sérlega eftirtektarvert og vel gert á árinu að mati fjölskipaðrar dómnefndar fagfólks. Á síðastliðnu ári varð ein meginbreyting þegar við bættist nýr flokkur, svokallaður ÁRA flokkur, en í þeim flokki er horft sérstaklega til mælanlegs árangurs herferða út frá fyrir fram skilgreindum markmiðum, hernaðar-áætlun og útfærslu sköpunarþáttar. Hátíðin fer að þessu sinni fram föstudaginn 24. febrúar í Hörpu.

Árshátíð SÍA var haldin í Súlnasal Hótel Sögu í nóvember sl. Íslenska auglýsingastofan sá um framkvæmd hátíðarinnar en þemað að þessu sinni var „Í boði / Sponsored by“ með vísun í kvikmyndina „The Greatest Movie Ever Sold“. Hátíðina sótti vel á þriðja hundrað manns og þótti takast vel.

Á árinu 2011 hlaut markaðsherferðin „Inspired by Iceland“ fjölda verðlauna og viðurkenninga á erlendri grund. Má þar meðal annars nefna gullverðlaun og „Grand Prix“ verðlaun á Euro Effie hátíðinni sem fram fór í Brussel í september, silfurverðlaun á IPA Effectiveness Awards, sem haldin var í London í nóvember, og fleira mætti telja upp. Þessi verðlaun eru mikil viðurkenning fyrir auglýsingafagið hér á landi og sýnir með áþreifanlegum hætti að sumt af því sem hér er gert stenst fyllilega samanburð við margt af því besta sem gert er á mun stærri mörkuðum erlendis.

FÉLAG ATVINNUREKENDA Í HNOTSKURN

Um félagið

Félag atvinnurekenda (áður Félag íslenskra stórkaupmanna) var stofnað 1928 og hefur alla tíð verið framvörður heilbrigðra viðskiptahátta. Aðstæður í fyrirtækjaumhverfi á Íslandi hafa gjörbreyst á 83 árum. Félagið hefur beitt sér fyrir umbótum í löggjöf og frelsi í viðskiptum á hverjum tíma og átt þátt í ýmsum veigamiklum breytingum er varða fyrirtækjarekstur.


Fjölbreytt flóra félagsmanna

Félagið hefur frá stofnun staðið vörð um hagsmuni innflutningsaðila, heildsala, þjónustufyrirtækja og ýmissa útflytjenda. Minni og meðalstór fyrirtæki eru áberandi á lista þeirra u.þ.b. 180 félagsmanna sem eru í félaginu í dag.

Margþætt starfsemi

Félagið rekur öfluga hagsmunabaráttu. Þar má nefna starf faghópa, öfluga lögfræðipjónustu og gerð umsagna um laga- og reglugerðarbreytingar. Félagið stendur einnig fyrir fjölbreyttum námskeiðum fyrir stjórnendur og starfsfólk aðildarfyrirtækja. Þá er félagið aðili að kjarasamningum gagnvart VR, RSÍ, Lyfjafræðingafélagi Íslands og Félagi bókagerðarmanna.

Í könnun sem FA framkvæmdi í janúar voru félagsmenn beðnir um að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga.



Hópastarf og hagsmunabarátta

Félag atvinnurekenda er heimahöfn félagsmanna. Hópastarf félagsins er hornsteinn starfseminnar þar sem félög innan tiltekinnar starfsemi vinna saman að því að bæta rekstrarumgjörð og samkeppnisumhverfi á sínu sviði. Þá er félagið vettvangur fyrir fyrirtæki til að berjast gegn neikvæðum breytingum í laga- og reglugerðarumhverfi og slæmri stjórnsýslu opinberra aðila.

Félagið á hæð í Húsi verslunarinnar og hlutdeild í sameign hússins. Tveir fundarsalir eru á hæðinni, annar rúmgóður salur sem nýtist vel til funda og námskeiðahalds og hinn fyrir minni fundi. Er það mikill styrkur fyrir félagið að eiga slíka aðstöðu og geta félagsmenn fengið hana til afnota.

Gildi félagsins - heiðarleiki og frumkvæði – eru nauðsynleg forsenda þess að starfið skili árangri.

Stjórn FA 2011-2012

Margrét Guðmundsdóttir, formaður (Icepharma)
Ólafur Ó. Johnson, varaformaður (O. Johnson & Kaaber)
Anna Svava Sverrisdóttir (Fíton)
Birgir S. Bjarnason (Íslensku umboðssöluinni)
Friðrik Ingi Friðriksson (Aflvélum)
Halldór Haraldsson (Smith & Norland)

Starfsmenn FA

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri
Páll Rúnar M. Kristjánsson, yfirlögfræðingur
Bjarnís Lárusdóttir, skrifstofustjóri

Að auki starfa hjá félaginu lausráðnir starfsmenn við sérgreind verkefni.